



# Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Ráðgjafapjónusta í landbúnaði á Norðausturlandi

Búgarði Óseyri 2 • 603 Akureyri • Sími 460 4477 • Fax 460 4478 • Netfang: bugardur@bugardur.is  
Garðarsbraut 5 • 640 Húsavík • Sími 460 4477 • Fax 464 0406

*Alþingi  
Erindi nr. P 131/169/  
komudagur 28.4. 2005*


X **Frumvarp til laga um afnám mjólkurgjalds**  
BSE geriri ekki athugasemdir við þetta frumvarp.

**Frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni**  
BSE gerir ekki athugasemd við þetta frumvarp.

**Frumvarp til laga um útflutning hrossa**  
BSE gerir ekki athugasemd við þetta frumvarp og telur eðlilegt að fella brott ákvæði um hámarksaldur við útflutning.

Akureyri 26/5/2005  
Virðingarfyllt

Fh. BSE

  
Vignir Sigurðsson  
frankvæmdastjóri

Til landbúnaðarnefndar

Umsagnir Búnaðarsambands Skagfirðinga (BSS) um þingmál.

X 1. Frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum nr. 70/1998.

**Athugasemd:** Samhliða lagabreytingu þessari þarf að gera breytingar á lögum um virðisaukaskatt, þannig að greiðslur samkvæmt nýjum samningi um mjólkurframleiðslu rýri ekki möguleika Búnaðarsambanda og sæðingastöðva til endurgreiðslu innskatts í rekstri sínum. Verið er að færa ríkisstuðning milli "hólfa" úr hólfinu beingreiðslur sem eru einstaklingstengdar greiðslur undanþegar virðisaukaskatti yfir í almennar niðurgreiðslur á sæðingum sem njóta ekki sérstakrar niðurgreiðslu.

2. Frumvarp um útflutning hrossa.

Engar athugasemdir

3. Frumvarp um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, o.s.frv. 726. mál.

**Athugasemd:** Mikilvægt er að tryggja að þessi breyting verði ekki til kostnaðarauka og athuga ber hvort ekki megi koma á samkeppni í eftirlitsiðnaðinum svo slík starfssemi lifi ekki sjálfstæðu lífi án kostnaðarmeðvitundar.

4. Frumvöp um landbúnaðarstofnun, 700. mál og breytingar á ýmsum lögum, 7001. mál.

**Athugasemd:** Stjórn BSS leggur áherslu á að nýrri stofnun verði fundinn staður utan höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að landbúnaðarstofnun verði staðsett sem næst þeim sem hjónustuna veita. Þessi tvö atriði telur stjórn BSS æskilegt að séu bundin í lög. Tilvalið er að staðsetja slíka stofnun í Skagafirði, bæði ú frá ofangreindum sjónarmiðum og vegna nálægðar við stórar afurðastöðvar í mjólkur- og kjetíðnaði, svo og út frá byggðarsjónarmiðum.

5. Óumbeðin athugasemd vegna frumvarps um sölu á Lánasjóði landbúnaðarins.

"Stjórn BSS hvetur alþingi til að setja hagsmuni skuldara Lánasjóðs landbúnaðarins í fyrirrúm þegar ákvörðun verður tekin um framtíð sjóðsins. Mikilvægt er að tryggja að samningsstaða bæðna við aðrar lánastofnanir verði ekki rýrðir með því að færa fyrsta veðrétt á þorra bújarða í hendur einkarekins banka án aðkomu skuldara."

Sauðárkróki 26. apríl.

Fh. Stjórnar. Ingibjörg Hafstað, formaður BSS.



Alþingi

Erindi nr. **P** 131/1544

komudagur 25.4.2005

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík 18. apríl 2005  
SP/hó

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, 725. mál, afnám mjólkurgjalds**  
*Tilv: 2005040010*

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 13. apríl sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við frumvarpið er gerð grein fyrir ástæðu breytingarinnar, sem ekki þarf að bæta neinu við. Mælt er með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h.) Bændasamtaka Íslands



Sigurgeir Þorgeirsson

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1801*  
*komudagur 3.S. 2005*

Umsögn um frumvarp til búnaðarlaga, 725. mál, afnám mjólkurgjalds.

Hagþjónusta landbúnaðarins gerir ekki athugasemd við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllt,

Jónas Bjarnason,  
forstjórnarmaður.



Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1350  
komudagur. 18. 4. 2005



## EMBÆTTI YFIRDÝRALÆKNIS

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndaritari  
150 REYKJAVÍK

Sölvhólgata 7 - 150 Reykjavík  
Sími: 545 9750, bréfasími 552 1160  
kt 660169-5399  
www.yfirdyralaeknir.is

Reykjavík, 18. apríl 2005  
Tilvísun: YDL05040020/110  
HR/--

Varðar frumvarp til breytinga á Búnaðarlögum, nr. 70/1998, 725. mál.

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar dags. 13. apríl 2005 þar sem óskað er umsagnar yfirdýralæknis um ofangreint frumvarp.

Yfirdýralæknir fagnar framkomnu frumvarpi sem felur í sér að felld verði úr gildi heimild búnaðarsambanda til þess að innheimta sérstakt gjald hjá mjólkurframleiðendum af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa.

Yfirdýralæknir telur mun heppilegra að bændur geti sjálfir valið hvort þeir vilji kaupa þessa þjónustu af frjóttæknum á vegum búnaðarsambandanna eða dýralæknum.

Í Vestur Skaftafellssýslu hefur héraðsdýralæknir um árabíl, sem verktaki hjá viðkomandi búnaðarsambandi, sinnt sæðingum mjólkurkúa ásamt sínum embættisskyldum og annarri þjónustu við bændur. Þetta hefur mælst vel fyrir því iðulega er hægt að samnýta ferðir dýralæknisins vegna sæðinga og annarrar dýralæknisþjónustu, öllum bændum til hagsbóta. Þetta fyrirkomulag er mjög algengt erlendis, t.d. í Noregi.

Hins vegar þarf að huga að því, að á öðrum svæðum hefur sjálfstætt starfandi dýralæknum verið neitað um að fá að kaupa sæði af Bændasamtökum Íslands, þar sem þeir hugðust bjóða bændum aukna þjónustu með því að annast sæðingar.

Yfirdýralæknir telur að með samþykkt ofangreinds frumvarps eigi að opnast möguleikar fyrir samkeppni á þessu sviði, sem gæti leitt til hagræðingar í rekstri mjólkurframleiðenda.

Þetta gæti einnig hjálpað til við að tryggja búsetu dýralækna á svæðum þar sem búskapur hefur dregist saman og hætta er á að dýralæknar fái ekki til starfa vegna lakra afkomumöguleika.

Virðingarfyllst,

Halldór Runólfsson  
yfirdýralæknir